# Sunnudagur 24. september



## Sjónvarpið

12.00 **Ryder-bikarinn.** Bein útsending frá golfkeppni Bandaríkjanna og Evrópu.
17.25 **Fólkið í landinu** – Hann ætlar sér líka að kenna dans hinum megin. Sigrún Stefánsdóttir ræðir við Hermann Ragnar Stefánsson. Áður á dagskrá 27. ágúst sl.
17.50 **Sunnudagshugvekja.** Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir.
18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Brauðstrit.** (Bread). Nýr breskur gamanmyndaflokkur um breska fjölskyldu sem lifir góðu lífi þrátt fyrir atvinnuleysi og þrengingar. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.35 **Anna í Grænuhlíð giftist** (Anne of Green Gables – the Sequel). – Fyrri hluti. Sjálfstætt framhald myndarinnar um Önnu í Grænuhlíð sem nú er orðin ráðsett kennslukona. Hún er farin að huga að mannsefni fyrir sig og ekki vantar vonbiðlana en „sá eini rétti" lætur bíða eftir sér. Aðalhlutverk Megan Follows, Colleen Dewhurst og Wendy Hiller. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir. Síðari hluti verður sýndur nk. sunnudag.
22.35 **Fólkið í landinu.**



## Stöð 2

9.00 **Alli og íkornarnir.**
9.25 **Litli folinn og félagar.** Teiknimynd með íslensku tali.
9.50 **Perla.** Teiknimynd um Perlu og ævintýrin sem hún lendir í.
10.15 **Draugabanar.** Spennandi teiknimynd.
10.40 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
11.05 **Köngullóarmaðurinn.** Teiknimynd.
11.30 **Tinna.** Leikin barnamynd.
12.00 **Stikilsberja-Finnur.** Rascals and Robbers. Stikilsberja-Finnur og besti vinur hans, Tumi Sawyer, hlera áform glæpamanna um að pretta bæjarbúa í Missouri og búa sig í skyndi til að vara bæjarbúa við en uppgötva þá að hópur glæpamanna er á hælum þeirra. Aðalhlutverk: Patrick Cradon og Anthony Michael Hall.
13.30 **Undir regnbogans.** Chasing Rainbows. Fyrsti þáttur endurtekinn frá síðastliðnu þriðjudagskvöldi. Aðalhlutverk: Paul Gross, Michael Riley, Julie A. Stewart og Booth Savage.
15.15 **Listamannaskálinn. Þrír málarar.** Lokaþátturinn um þrjá málara fjallar um ævistarf franska listmálarans Paul Cézanne (1839–1906). Listmálarinn og gagnrýnandinn Sir Lawrence Gowing rekur hér þróunarsögu listmálarans og skyggnist inn í stormasöm sambönd hans við vini og fjölskyldu.
16.10 **Heimshornarokk.** Big World Café. Fyrsti þáttur af tíu. Stórkostlegir tónlistarþættir þar sem sýnt er frá hljómleikum hljómsveita út um allan heim.
17.05 **Mannslíkaminn.** Living Body. Vandaðir þættir um mannslíkamann. Endurtekið.
17.35 **Hundar og húsbændur.** Hunde und ihre Herrchen. Í þessum fróðlega þætti, sem er í tveimur hlutum, verður saga hundsins sem heimilisdýrs rakin en í rúmlega 12.000 ár hefur hundurinn verið tryggur vinur mannsins.
18.00 **Golf.** Sýnt verður frá alþjóðlegum stórmótum. Umsjón: Björgúlfur Lúðvíksson.
19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Svaðilfarir í Suðurhöfum.** Tales of the Gold Monkey. Spennandi framhaldsmyndaflokkur. Aðalhlutverk: Stephen Collins, Caitlin O'Heaney, Rody McDowall og Jeff Mackay.
20.55 **Hercule Poirot.** Fágaðar hreyfingar, franskur hreimur og skemmtileg sjálfsánægja þegar lausn mála liggur fyrir, iðulega löngu áður en hún hefur hvarflað að nokkrum öðrum, er nærtæk lýsing á einni frægustu skáldsagnapersónu sem um getur. Maðurinn er belgíski einkaspæjarinn með uppsnúna yfirvaraskeggið, Hercule Poirot, skilgetið afkvæmi Agöthu Christie.
21.50 **Svik og daður.** Love and Larceny. Kanadísk framhaldsmynd. Annar hluti af þremur. Betsy heldur aftur til Toronto og þaðan til Montreal með ungan son sinn. Undir dulnefninu Pelvina opnar hún fjárhættuspilaklúbb þar sem einungis karlmönnum er leyfður aðgangur. Aðalhlutverk: Jennifer Dale, Douglas Rain, Kenneth Carver og Sheila McCarthy.
22.45 **Verðir laganna.** Hill Street Blues. Spennuþættir um líf og störf á löreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhluverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.
23.35 **Apaplánetan unnin.** Conquest of the Planet of the Apes. Munaðarlausi apinn Cesar hyggst bjarga hinum öpunum frá því að verða þrælar mannkynsins. Aðalhluverk: Roddy McDowall, Don Murray og Ricardo Montalban.
1.05 **Dagskrárlok.**



## Rás I FM 92,4/93,5

7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
7.50 **Morgunandakt.** Séra Baldur Vilhelmsson prófastur í Vatnsfirði við Djúp flytur ritningarorð og bæn.
8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
8.15 **Veðurfregnir.** Tónlist.
8.30 **Á sunnudagsmorgni** með Elínu Pálmadóttur blaðamanni. Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins,. Markús 12, 28–34.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni.**
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Sitthvað af sagnaskemmtun miðalda.** Áttundi þáttur. Umsjón Sverrir Tómasson. Lesari Bergljót Kristjánsdóttir.
11.00 **Messa í Fríkirkjunni í Reykjavík.** Prestur séra Cecil Haraldsson.
12.10 **Dagskrá.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.30 **Hópmynd með konu.** Dagskrá um þýska nóbelskáldið Heinrich Böll, skáldsögu hans Hópmynd með konu og rústabókmenntir eftirstríðsáranna í Þýskalandi. Umsjón Einar Heimisson.
14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu.
15.10 **Í góðu tómi** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Með múrskeið að vopni.** Fylgst með fornleifauppgreftri á Granastöðum í Eyjafirði. Umsjón Steinunn Harðardóttir. (Einnig útvarpað næsta þriðjudag kl. 15.03.)
17.00 **Tónlist á sunnudagssíðdegi.**
18.00 **Kyrrstæð lægð.** Guðmundur Einarsson rabbar við hlustendur.
18.20 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Ábætir.** ● Elly Ameling syngur tvö lög eftir Franz Shubert. ●Vladimir Horowitz leikur á píanó verk eftir Franx Schubert, Franz Liszt og Robert Schumann.
20.00 **Sagan.**
20.30 **Íslensk tónlist.**
21.10 **Kviksjá.** Umsjón Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Þorgeir Ólafsson. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi.)
21.30 **Útvarpssagan:** Vörnin eftir Vladimir Nabokov. Illugi Jökulsson les þýðingu sína (16).

## Rás I FM 92,4/93,5

22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Harmónikuþáttur.** Umsjón Bjarni Marteinsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 14.05)
23.00 **Mynd af orðkera – Þórarinn Eldjárn.** Friðrik Rafnsson ræðir við rithöfundinn um skáldskap hans.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Sígild tónlist í helgarlok.** Atriði úr verkum eftir Carl Maria von Weber, Albert Lortzing, Johannes Brahms, Franz Shubert og Richard Wagner.
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

8.10 **Áfram Ísland.**
9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á rás 2. Umsjón Þorsteinn J. Vilhjálmsson.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
13.00 **Sykurmolarnir og tónlist þeirra.** Skúli Helgason rekur tónlistarferil Molanna og ræðir við þá. Fyrri þáttur. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
14.00 **Í sólskinsskapi.** – Ólafur Þórðarson.
16.05 **Slægur fer gaur með gígju.** Umsjón Magnús Þór Jónsson. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri.)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Í fjósinu.** Bandarísk sveitatónlist.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00. 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Blítt og létt . . .** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi á rás 1.)
03.00 **Næturnótur.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Næturnótur.**
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á rás 1 kl. 18.10)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt . . .** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt.



## FM 98,9 Bylgjan

9.00 **Haraldur Gíslason.** Hlustendur vaktir með ljúfum tónum og **Halli** spilar örugglega óskalagið þitt. 19.00 **Snjólfur Teitsson.** Sérvalin tónlist.
20.00 **Pia Hanson.** Þá er vinnuvikan framundan og stressið en Pia Hanson undirbýr ykkur með góðri tónlist.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**
**Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Hlöðversson – Fjör við fóninn. Siggi** fer fyrstur á fætur á sunnudögum ,spilar eldhressa tónlist frá öllum fímum fyrir börn, unglinga, konur og karla.
13.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Yndisleg ný tónlist, fólk í spjalli og uppákomur sem koma jafnvel stjórnanda þáttarins á óvart. Þáttur fyrir alla fjölskylduna.
17.00 **Sagan á bak við lögin – Helga Tryggvadóttir og Þorgeir Ástvaldsson** skyggnast á bak við sögu frægustu popplaga allra tíma og þar kemur ýmislegt fróðlegt í ljós.
18.00 **Kristófer Helgason** kannar hvað kvikmyndahúsin hafa upp á að bjóða og spilar tónlist.
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## Útrás FM 104,8

12.00 **MS.**
14.00 **IR.**
16.00 **MK.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **FB.**
22.00 **Neðanjarðargöngin.**
1.00 **Dagskrárlok.**

---

7.00 **Stefán Baxter.„Ó–þunnur".**
12.00 **Ásgeir Tómasson.**
15.00 **Felix Bergsson.**
18.00 **Klemens Árnason.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00 **Páll Sævar Guðnason.**

## Rót útvarp FM 106,8

**Íslensk tónlistarvika á útvarpi Rót.** Öll tónlist, sem flutt verður í dag, er eftir íslensk tónskáld eða með íslenskum flytjendum.
10.00 **Tónsprotinn.** Leikin tónlist eftir íslensk tónskáld og með íslenskum hljóðfæraleikurum, kórum og einsöngvurum. Þessi þáttur er helgaður Íslensku óperunni og íslenskum einsöngvurum. Gestur þáttarins verður Ólöf Kolbrún Harðardóttir. Umsjón hefur Soffía Sigurðardóttir.
12.00 **Djass & blús** í umsjá Tómasar R. Einarssonar.
13.00 **Tónleikar í Félagsheimili tónlistarmanna.** Bein útsending.
19.00 **Gulrót.** Guðlaugur Harðarson.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Dags og Daða.
21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Árna Kristinssonar.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**

## Sky One

5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
6.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.
10.00 **50 vinsælustu.** Poppþáttur.
11.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
12.00 **That's Incredible.** Fræðslumynd.
13.00 **Fjölbragðaglíma (Wrestling).**
14.00 **The Incredible Hulk.** Spennumyndaflokkur
15.00 **Emergency.** Framhaldsmyndaflokkur.
16.00 **Eight is Enough.** Framhaldsmyndaflokkur.
17.00 **Family Ties.** Gamanþáttur.
18.00 **21 Jump Street.** Spennumynda flokkur.
19.00 **The Last Convertible.** Míniseria.
21.00 **Entertainment This Week.** Fréttir úr skemmtanaiðnaðinum.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **Paper Chase.** Framhaldsmyndaflokkur.
23.30 **Poppþáttur.**

## Sky Movies

13.00 **Watership Down.**
15.00 **Home Fires Burning.**
17.00 **Jock of the Bushveldt.**
19.00 **The Bounty.**
21.00 **Belly of an Architect.**
22.50 **The Maximum Overdrive.**
01.10 **Bachelor Party.** 03.00 **The Bounty.**

## Eurosport

09.00 **Golf.** Ryder Cup. Keppni Bandaríkjanna og Evrópu á Belfry golfvellinum í Englandi.
12.00 **Golf og kappakstur.** Fylgst bæði með Ryder Cup keppni Bandaríkjanna og Evrópu og Grand Prix keppni í Formulu 1 í Portúgal.
17.00 **Kappakstur.** Formula 1 í Algarve í Portugal.
19.00 **Golf.** Ryder Cup. Keppni Bandaríkjanna og Evrópu á Belfry golfvellinum í Englandi.
21.00 **Knattspyrna.**
22.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.

## Super Channel

5.00 **Teiknimyndir.**
9.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
10.00 **Tískuþáttur.**
10.30 **Today's World.** Fréttaþáttur.
11.00 **Trúarþáttur.**
11.30 **Poppþáttur.**
12.30 **Dundee and the Culhane.**
13.30 **Euro Magazine.**
13.45 **Tónlist og tíska.**
15.30 **Veröldin á morgun.**
16.00 **European Business Weekly.** Viðskiptaþáttur.
16.30 **Roving Report. Fréttaskýringaþáttur**
17.00 **Viðskiptaþátur.**
17.30 **Richard Diamond.** Sakamálamyndaflokkur.
18.00 **Breski vinsældalistinn.**
19.00 **Dempsey and Makepeace.** Sakamálaþáttur.
20.00 **Royal Wedding. Diana.** Kvikmynd.
22.00 **Tíska og tónlist.**

---



**Hundurinn er besti vinur mannsins.**

### Stöð 2 kl. 17.35:

# Hundar og húsbændur

Maðurinn og hundurinn hafa verið vinir í rúmlega 12.000 ár en þá er talið að hundurinn hafi fyrst orðið húsdýr og félagi mannsins. Í áranna rás hafa maður og hundur haldið sambandi sem báðir hafa hagnast nokkuð á. Hundurinn hefur verndað manninn og smalað fyrir hann en maðurinn hefur greitt honum með mat og húsaskjóli.

Í þessari þýsku heimildarmynd, sem er í tveimur hlutum, verður saga hundsins sem húsdýrs rakin og rætt við nokkra vísindamenn um þá þróun sem nú á sér stað í samskiptum manna og hunda.

-Pá

### Stöð 2 kl. 20.55:

# Hercule Poirot

Áhorfendur fengu forsmekkinn af þeirri þáttaröð, sem hér hefst, um páskana þegar sýnd var mynd um Hercule Poirot. Þættirnir, sem eru níu talsins, verða á dagskrá á sunnudagskvöldum fram eftir hausti og í þessum þætti glímir Poirot við að upplýsa dauðdaga ungrar konu.

Þessi lágvaxni þybbni einkaspæjari er skilgetið afkvæmi Agöthu Christie og hefur skapað sér ódauðlegan orðstír með allri sinni sérvisku og sjálfsánægju því þessar litlu gráu, sem hann kallar svo, eru virkari í höfði hans en annarra.

Aðalhlutverk eru í höndum David Suchet og Hugh Fraser en Edward Bennett leikstýrði þáttunum fyrir London Television. -Pá



**Hercule Poirot glímir við erfiða morðgátu.**



**Gilbert Blythe og Anna í Grænuhlíð.**

### Sjónvarp kl. 20.35:

# Anna í Grænuhlíð

Þetta er fyrri hlutinn af framhaldsþætti sem fjallar um Önnu í Grænuhlíð, ævi hennar og ástir. Anna þessi hélt áhorfendum föngnum fyrir framan skerminn um síðustu hvítasunnu og við fáum nú að fylgjast með því hvernig henni vegnar á fullorðinsárum.

Anna er orðin 18 ára og hefur sest að í Avonlea þar sem hún stundar kennslu og hugsar um Marillu sem er komin að fótum fram. Gilbert Blythe, æskuást Önnu, stendur á tvítugu og hyggur á læknanám. Hann er ástfanginn upp fyrir haus af Önnu og biður um hönd hennar án árangurs.

Hvert verður framhaldið? Verður Anna frægur rithöfundur, eins og hana dreymir um? Giftist hún Gilbert og eignast börn og buru og grefur rætur og muru? Fylgist með og fáið svör við þessum brennandi spurningum.

-Pá